



Námsáætlun í málvísindum (ÍSLE2MV05)

(birt með fyrirvara um breytingar)

Stutt lýsing á áfanganum:

Námskeiðið er yfirlit yfir bæði almenn og söguleg málvísindi. Almenni hlutinn fjallar um tungumál í víðum skilningi; útbreiðslu og ættartengsl, sameiginleg einkenni mannlægs máls og líffræðilegan grundvöll þess.

Sögulegi hlutinn snýr að þróun tungumála frá fornmáli til nútíma. Áhersla verður lögð á íslensku og skyld mál en fjölmörg önnur munu koma við sögu. Hér er fjallað um ritmál og varðveislu texta, málbreytingar og orðaforða.

Auk fyrirlestra munu nemendur æfa sig að beita hljóðritun, orðhlutagreiningu, hríslumyndum og fleiri verkfærum málvísindanna.

Kennslugögn:

Handbók um málfraeði eftir Höskuld Þráinsson (3. útgáfa, Mál og menning, 2021)

Hefti frá kennara. Fæst á skrifstofu.

Kennsluhættir:

Þrjár stundir á viku, fyrirlestrar og verkefnavinna í tímum.

Kennari:

Eiríkur Gauti Kristjánsson

Námsmat:

Gefin er námseinkunn (50%) og einkunn fyrir skriflegt stúdentspróf (50%).

Námseinkunn er sett saman úr eftirfarandi þáttum:

- skilaverkefni: 4 x 10%
- meðaltal skyndiprófa: 30%
- Jólapróf 30%

Athugið:

- Í skilaverkefnum skal vísað í rekjanlegar heimildir (stafrænar eða prentaðar)
- Nemendum ber að fylgja skólareglum í tímum
 - <https://mr.s/skolinn/skolareglur/almennar-skolareglur/>